

Föstudaginn 27. janúar 1995

Nr. 20/1995.

Gifspússning hf.

(Sveinn Sveinsson hrl.)

gegn

Jóhannesi Jónssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. janúar sl., sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. desember sl., þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 24. janúar 1994, var dæmt um víxilkröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Var mál það rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 og tekið fram í dóminum, að þar kæmust efnisvarnir sóknaraðila ekki að. Hefur sóknaraðili nú höfðað mál þetta á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991.

Í hinum kærða úrskurði hefur héraðsdómari reist frávísun málsins á því, að með héraðsdóminum frá 24. janúar 1994 hafi þegar verið fjallað efnislega um ágreining þann, sem uppi er í máli þessu, og að sá dómur sé bindandi um ágreining aðila.

Varnaraðili gaf ekki samþykki sitt við því, að varnir umfram þær, er um getur í 118. gr. laga nr. 91/1991, fengju komist að í hinu fyrra máli. Engu að síður vék héraðsdómari í dómi sínum nokkuð að atvikum að baki víxilkröfunni. Stefnukrafa málsins nam 707.804 krónum auk vaxta. Þrátt fyrir það að varnir sóknaraðila kæmust ekki að,

voru kröfur varnaraðila lækkaðar vegna atriða, sem varða lögskipti að baki víxlinum, og sóknaraðili dæmdur til greiðslu 550.000 króna auk vaxta. Þeim dómi hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir það að héraðsdómari hafi andstætt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 byggt úrlausn sína að nokkru á atvikum að baki víxilkröfu varnaraðila, verður fallist á það með sóknaraðila, að honum hafi ekki gefist færi á að fá leyst úr öllum málsástæðum, sem að þessum atvikum lúta. Hefur hann bent á, að meðal annars sé enn eftir að yfirheyra vitni, er geti borið um sammingsgerð aðila.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að þegar hafi verið leyst úr því sakarefni, sem mál þetta er höfðað um. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávisunarkröfu, er höfðað af Gíspússningu hf., Hólabergi 36, Reykjavík, gegn Jóhannesi Jónssyni, Ugluhólum 8, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur skv. 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991, að fjárhæð 1.154.762 kr., auk dráttarvaxta [...].
2. Að stefndi verði að þola skuldajöfnuð fyrir dómkröfum stefnanda vegna dómkrafna stefnda á hendur stefnanda samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 24. janúar 1994, í málinu nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gíspússningu hf., fyrir 1.009.761 kr. auk dráttarvaxta [...].
3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk dráttarvaxta.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í

báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk dráttarvaxta að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags auk virðisaukaskatts á þá fjárhæð.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að félagið sé verktakafyrirtæki, sem m. a. sjái um gifspússningu á húsum. Stefnandi hafi tekið að sér pússningu innan húss í húsi stefnda að Þingási 37, Reykjavík, árið 1989. Stefndi hafi greitt fyrir verkið á umsaminn hátt með skuldabréfi, að fjárhæð 982.000 kr., sem gefið var út 18. júlí 1989, en þá hafi verkinu ekki verið lokið. Verkinu hafi lokið þá um haustið, og hafi það verið mælt upp af mælingastofu Múrarafélags Reykjavíkur 27. október 1989. Vegna þess að stefndi greiddi fyrir verkið fyrir fram að nokkru leyti, hafi stefnandi afhent stefnda víxil, að upphæð 950.000 kr. Víxillinn hafi þá ekki verið útfylltur með útgáfudegi eða gjalddaga, og á hann hafi verið ritað orðið tryggingarvíxill.

Í stað þess að afhenda stefnanda víxilinn, þegar verkinu var lokið, hafi stefndi misnotað víxilinn og höfðað víxilmál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Reykjaness, er þingfest var 7. september 1993 sem mál nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf. Málið hafi verið rekið á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991, og hafi stefndi mótmælt, að nokkrar efnisvarnir stefnanda kæmust að í málinu, en þær voru, að engin skuld væri að baki víxlinum. Dómur hafi verið kveðinn upp 24. janúar 1994 og dómsorð hljóðað þannig: „Stefndi, Gifspússning hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Jónssyni, 550.000 kr. með almennum vöxtum skv. 6. gr. vaxtalaga frá 24. október 1990 til 21. nóvember 1991 og dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma til greiðsludags, og leggist þeir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. nóvember 1992. Stefndi greiði stefnanda 145.000 kr. í málskostnað.“

— — —

Niðurstaða.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi lækkað kröfur sínar í meðferð málsins nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf., í 550.000 kr. Með hliðsjón af endurriti dóms Héraðsdóms Reykjaness telst sú fullyrðing ekki standast, þar sem fram kemur, að stefnukrafa í því máli nam 707.804 krónum.

Í áliti dóms Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðins 24. janúar 1994, í nefndu máli segir eftirfarandi:

„Af gögnum málsins er ljóst að víxillinn er tryggingarvíxill, sem afhentur var stefnanda af stefnda til tryggingar því að hann gifspússaði hús stefnanda og jafnframt er þetta eyðuvíxill, þar sem hann var við afhendingu óútfylltur

um útgáfudag og gjalddaga og verður að telja að stefndi hafi með því veitt stefnanda heimild til að fylla út í þær eyður, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, og er ekkert komið fram, sem styður þá málsástæðu stefnda að um sýningarvixil hafi verið að ræða. Hins vegar er heimildin sýnilega bundin því skilyrði að um vanefnd sé að ræða hjá stefnda og er ágreiningur milli aðila um það að hvaða marki sú vanefnd sé. Samt verður að telja fram komið að stefndi hafi lokið innanhússpússningu í ágúst – september 1989 og hafi því efnt greiðsluskyldu sína að því leyti. Framlögð gögn benda fremur til þess, að er stefnandi gaf út áðurnefnt skuldabréf, hafi hann miðað við að hann væri að greiða fyrir pússningu hússins að utan og innan í samræmi við tilboð eða áætlunarverð sem Tryggvi Þorsteinsson stóð að, sbr. yfirlýsingu hans. Guðm. Davíðsson f. h. stefnda afhenti stefnanda víxilinn gegn því að fá skuldabréfið og má ætla að eftir því sem fram er komið í málinu að honum hafi verið ljóst, hvaða samningur hafi legið að baki og gengið að honum, en heldur er ólíklegt, að stefnandi hafi afhent Guðmundi, sem hann þekkti lítið sem ekkert, skuldabréf að fjárhæð kr. 982.000,- án þess að hafa einhverja viðmiðun í skriflegu formi. Staðhæfing stefnda um að hann hafi greitt víxilinn að fullu með innanhússpússningunni, þar sem hann hafi aldrei gengist undir að pússa allt húsið fyrir það verð, sem fram komi í tilboði eða áætlun Tryggva v/BYKO hf. er ekki studd skriflegum samningi. Henni er mótmælt af hálfu stefnanda og einnig þeim reikningi, sem lagður hefur verið fram af stefnda henni til sönnunar. Stefndi þykir því ekki hafa lagt fram í málinu ótvíræða sönnun um að hann hafi greitt víxilinn að fullu og verður því ekki talið að stefnandi hafi farið út fyrir umboð sitt með því að láta setja útgáfudag og gjalddaga á víxilinn eins og gert var, en hann hefur staðfest að lögmaður hafi haft heimild til útfyllingarinnar eins og hann framkvæmdi hana og ósönnuð er fölsun í því sambandi.

Mál þetta er víxilmál, sem rekið er samkv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 og hefur stefnandi ekki samþykkt að frekari vörnum verði komið að en getur um í 118. gr. laganna, sbr. 119. gr. laganna, og verður því ekki fjallað frekar um viðskiptin að baki víxlinum.

Samkvæmt því sem nú er rakið verður talið að víxilskuld stefnda við stefnanda hafi numið kr. 550.000,- haustið 1989 og ber að dæma stefnda til að greiða þá upphæð ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim tíma er hann með sannanlegum hætti tilkynnti stefnda um gjaldfellingu víxilsins og til greiðsludags hans.

Í framlögðu bréfi lögmanns stefnda til Kristins Einarssonar hrl. dags. 21. október 1991 kemur fram að gefinn hafi verið út áskorunarstefna á hendur stefnda 17. okt. 1991 og skyldi áskorunarmálið þingfest 24. okt. 1991 og er

byggt á því að við dagsetningu bréfsins sé stefnda orðið ljóst um gjaldfellingu víxilsins og því þykir mega ákveða með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga að stefndi greiði dráttarvexti frá 21. nóvember 1991 til greiðsludags.

Þegar borin er saman fjárhæð víxilsins og tilboðsins eða áætlunargerðarinnar um kostnaðinn við að pússa húsið sem stefnandi miðar við í málinu er ljóst að fjárhæð víxilsins er ekki miðuð við að hann nái yfir vaxtakostnað vegna áðurnefnds skuldabréfs, þó að hann gæti að hluta talist til vangildisbóta og er ekki fallist á að eftirstöðvar víxilskuldar sé hækkaða (sic) sem nemur þessum kostnaði, en hins vegar þykir rétt að stefndu greiði af skuldbinni almenna vexti skv. 6. gr. vaxtalaga frá skráðum gjalddaga víxilsins til 21. nóvember 1991.“

Í dómsorði var síðan kveðið á um, að stefndi, Gifspússning hf., skyldi greiða stefnanda, Jóhannesi Jónssyni, 550.000 kr. með vöxtum, eins og að framan greinir, til 21. nóvember 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma til greiðsludags auk 145.000 kr. í málskostnað.

Fram kemur í dóminum, að skýrslutökur fóru fram fyrir dómi. Þá er jafnframt í dóminum fjallað um þau lögskipti, er að baki víxlinum lágu. Enda þótt tilgreint sé í dómi, að málið sé rekið sem víxilmál skv. 17. kafla laga nr. 91/1991, verður ekki betur séð, sbr. það, sem rakið er hér að framan, en fjallað sé efnislega um kröfur og ágreining málsaðila vegna viðskipta þeirra og tekin afstaða til þeirra. Þykir það einkum koma fram í því, að enda þótt víxillinn hafi verið útfylltur, að því er fjárhæð varðar, og ekkert í dóminum, sem bendir til, að hann hafi ekki verið lögformlegur, þá eru kröfur stefnanda málsins aðeins teknar til greina með 550.000 kr., sem væntanlega telst vera skuldin að baki víxlinum og virðist byggjast á tilboði Byko hf. á dskj. nr. 12 í máli þessu, þar sem kostnaður við pússningu utan húss nemur sömu fjárhæð. Er því fallist á það með stefnda, að í málinu nr. 1118/1993: Jóhannes Jónsson gegn Gifspússningu hf., hafi þegar verið fjallað efnislega um þann ágreining, sem uppi er í þessu máli, og að sá dómur sé bindandi um þann ágreining. Dómi í málinu var ekki áfrýjað, og stendur hann. Ber því að taka kröfu stefnda til greina og vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.